

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, sem staðfest var þann 14. ágúst 1979. Breytingin felst í að byggingareitum Lyngbarðs 1-9 er breytt, þannig að möguleiki er á tengibyggingu milli húss og bílskúrs og að byggja sólstofu á vesturgafli íbúðarhúss.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi á útgáfudegi B-deildar Stjórnartíðinda.

Hafnarfirði, 4. október 1999.

Magnús Gunnarsson bæjarstjóri.

REGLUR

um fjárveitingar til háskóla skv. 20. gr. laga nr. 136/1997.

I. KAFLI

Framlög vegna kennslu.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hverjum háskóla, sem fær framlag úr ríkissjóði samkvæmt samningi, árlegt framlag, nemendaframlag, vegna sérhvers nemanda sem stundar nám til viðurkenndra námslokka (grunnnámsprófs, fyrsta háskólaprófs eða meistaraþrófs) í samræmi við reglur þessar. Fullt nám er 30 einingar á námsári og endurspeglar alla námsvinnu nemenda; viðveru í kennslustundum, verkefnavinnu og þátttöku í prófum. Hver námseining gerir kröfu til vinnuframlags nemanda við nám, sem svarar vinnuviku. Hverjar fullar 30 námseiningar, sem þreyttar eru á námsbraut, teljast nemandaígildi.

Nemendaframlag er mishátt eftir námsbrautum sbr. 2. gr. Byggist það á gefnum forsendum um umfang og gæði þjónustu og húsnæði og annan aðbúnað í háskóla.

Nemendaframlagi er ætlað að standa undir öllum venjulegum kostnaði skóla vegna kennsluþáttarins í rekstri hans, m.a. kennslu, þjónustu, húsnæði, búnaði og annarri aðstöðu sem nemendum og starfsmönnum skólans er látin í té vegna námsins og kennslunnar. Skóli getur aflað viðbótaskatta til að standa straum af umframkostnaði við kennsluþáttinn í samræmi við lagaheimildir hans.

2. gr.

Nemendur skulu flokkaðir í nemendabókhaldi skóla á námsbrautir í samræmi við áætluð námslok, þannig að hver nemandi og námseiningar sem hann þreytir, falli aðeins í einn flokk. Enginn getur talist í námi nema á einni námsbraut á hverri önn og teljast einingar hans til tilsvarendi flokks, enda séu námsgreinarinnar hluti af áföngum námsbrautarinnar samkvæmt námskrá. Heimilt er að telja einingar vegna prófa sem nemendur taka án fullnægjandi árangurs. Endurtaki nemendur í þeim tilvikum próf á sama skólaári skulu viðkomandi einingar hans aðeins taldar einu sinni. Hvorki er gerður greinarmunur á fjarnámi

og staðbundnu námi við talningu námseininga né heldur á námi til grunnskóla, fyrsta háskóla- eða meistaraþrófs á sömu námsbraut.

Við flokkunina skal fylgja eftirfarandi viðmiðunum og ákvarðar menntamálaráðuneytið endanlega flokkun.

Flokkur 1. Kennslan fer bæði fram í fyrirlestur og æfingartímum. Undir þetta fellur nám á sviði félags- og mannvísinda, landafræði, guðfræði og lögfræði.

Flokkur 2. Kennslan fer bæði fram í fyrirlestur, æfingartímum og með verklegum æfingum í notkun sérhæfðs búnaðar. Undir þetta fellur nám á sviði tölvufræða og stærðfræði.

Flokkur 3. Kennslan fer fram í fyrirlestur, æfingartímum og verklegri þjálfun við meðhöndlun sjúklinga undir handleiðslu. Undir þetta fellur nám á sviði hjúkrunarfræða.

Flokkur 4. Kennslan fer fram í fyrirlestur, æfingartímum og æfingakennslu undir handleiðslu kennara. Undir þetta fellur kennaranám og nám á sviði uppeldisfræða.

Flokkur 5. Kennslan fer fram í fyrirlestur, æfingartímum og verklegum æfingum á rannsóknastofum og í notkun sérhæfðs búnaðar. Undir þetta fellur nám á sviði verkfræði, tækni- og eðlisfræði, efnafræði, lyfjafræði, jarðfræði og lífvísinda. Námið felur að jafnaði í sér verulega þjálfun í hönnun eða rannsóknastofuvinnu.

Flokkur 6. Kennslan fer fram í fyrirlestur, æfingartímum, verklegum æfingum á rannsóknastofum og verklegri þjálfun við meðhöndlun sjúklinga undir handleiðslu. Undir þetta fellur nám í læknisfræði.

Flokkur 7. Tannlæknánám.

3. gr.

Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára í senn. Fjárhagsleg samskipti skólans og menntamálaráðuneytisins skulu vera í samræmi við skriflegan samning aðila. Sé samningur ekki í gildi eða áætlanagerð skólans í ósamræmi við gildandi samning gerir ráðuneytið sjálfstæða tillögu um fjárveitingu.

Í fjárhags- og starfsáætlun háskóla með tillögu um fjárveitingu til háskóla úr ríkissjóði skal, eins og nánar er ákveðið í samningi við menntamálaráðuneytið, gera grein fyrir áætlunum fjölda nemendaí gilda og skiptingu þeirra á námsbrautir og verðflokka.

Háskólaráð hvers skóla ákvarðar skiptingu fjárveitingar til háskólans samkvæmt fjárlögum með samþykkttri rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir háskólann og fyrir hverja deild, nema annað sé berum orðum tekið fram í sér lögum eða reglugerð um hvern skóla.

Uppgjör á framlagi ríkisins fyrir liðið almanaksár fer fram í árslok og eigi síðar en 31. janúar næsta ár. Skal uppgjórið byggjast m.a. á upplýsingum skólans, sem afhentar eru ráðuneytinu í árslok um fjölda nemendaí gilda í hverjum reikniflokki sbr. 2. mgr. 2. gr. á því skólaári, sem lauk á árinu.

4. gr.

Nemendaframlög ákvarðast þannig miðað við flokkun í 2. mgr. 2. gr.:

Flokkur 1	267 þús. kr.	Flokkur 5	642 þús. kr.
Flokkur 2	444 þús. kr.	Flokkur 6	883 þús. kr.
Flokkur 3	496 þús. kr.	Flokkur 7	1.477 þús. kr.
Flokkur 4	479 þús. kr.		

Frá reiknuðu framlagi skv. 1. mgr. þessarar greinar skal draga skrásetningargjald sem nemur allt að 25.000 kr. á nemandáfgildi.

II. KAFLI

Framlög vegna kennsluhúsnæðis.

5. gr.

Húsnæðisframlag er annars vegar vegna fjárbindingar og hins vegar vegna viðhalds.

Við ákvörðun á húsnæðisframlagi til háskóla skal margfalda saman fjölda nemendaífgilda, sbr. 1. mgr. 2. gr. og fermetrafjölda á nemandáfgildi samkvæmt eftirfarandi flokkun, sem svarar til flokkunar í 2. mgr. 2. gr. Summa margfeldanna er fermetrávísir skólans vegna kennslu.

Flokkur 1	6,6 fm.	Flokkur 5	10,2 fm.
Flokkur 2	7,4 fm.	Flokkur 6	14,6 fm.
Flokkur 3	8,1 fm.	Flokkur 7	25,0 fm.
Flokkur 4	6,6 fm.		

Framlag vegna viðhalds fæst þá með því að margfalda saman fermetrávísi og 2.266 kr.

Framlag vegna fjárbindingar skal einungis greitt vegna húsnæðis sem hvorki hefur verið fjármagnað með beinum greiðslum úr ríkissjóði né af lögbundnum tekjustofni. Framlag vegna fjárbindingar getur verið vegna húsnæðis, sem tekið er á leigu.

Ef fermetrávísir er stærri tala en brúttó fermetrafjöldi þess húsnæðis, sem háskólinn notar vegna kennslu, og skólinn telst eiga og fjármagnað hefur verið með beinum greiðslum úr ríkissjóði og af lögbundnum tekjustofni, skal áætla honum framlag vegna fjárbindingar einungis vegna þess fermetrafjölda, sem á vantar, þ.e. margfalda saman mismun fermetrávísir og þess fermetrafjölda, sem notaður er, og 5.665 kr.

Ef fermetrávísirinn er minni tala en háskólinn notar vegna kennslu, og skólinn telst eiga og fjármagnað hefur verið með beinum greiðslum úr ríkissjóði og af lögbundnum tekjustofni, reiknast honum ekki framlag vegna fjárbindingar. Menntamálaráðuneytið ákveður hve stórt hlutfall húsnæðis skóli telst nota vegna kennslu. Skóla, sem notar einungis húsnæði, sem hvorki er fjármagnað með beinum greiðslum úr ríkissjóði né af lögbundnum tekjustofni, reiknast framlag vegna fjárbindingar, sem fæst með því að margfalda saman fermetrávísinn og 5.665 kr.

6. gr.

Við gildistöku reglna þessara miðast framlög samkvæmt 4. og 5. gr. við áætlað meðalverðlag ársins 2000 og taka þau breytingum í samræmi við mat á launa- og verðlagsforsendum hverju sinni við samþykkt fjárlaga. Menntamálaráðherra endurskoðar fjárhæðir skv. 4. og 5. gr. a.m.k. árlega.

III. KAFLI

Rannsóknir og rannsóknarhúsnæði.

7. gr.

Árleg fjárveiting til skóla vegna rannsókna, nýsköpunar og þróunar og vegna húsnæðis, sem þeirri starfsemi tengist, er ákveðin með samningi milli menntamálaráðuneytis og viðkomandi háskóla.

8. gr.

Reglur þessar, eru settar samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla og öðlast gildi 1. janúar 2000.

Menntamálaráðuneytinu, 5. október 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hámarkshraði verður 30 km í hverfi sem afmarkast af Kaupvangsstræti í norðri, Þórunnarstræti í vestri, Þórunnarstræti (Naustavegi) í suðri og Drottningarbraut í austri.

Skólastígur:

Bifreiðastöður verða bannaðar beggja vegna Skólastígs frá Hrafnagilsstræti í suðri og að beygju við hús nr. 13 við Skólastíg.

Eyrarlandsvegur:

Bifreiðastöður verða bannaðar austan og norðan við Eyrarlandsveg frá Kaupvangsstræti að Hrafnagilsstræti.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 1. október 1999.

Björn Jósef Arnviðarson.